

Fyrirtækjaþjónusta

MIÐVIKUDAGUR 1. september 2021

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: KPMG, Miðlun, Múlalundur



Þjónusta í hæsta gæðaflokki

Ráðgjafarteymi KPMG vinnur með viðskiptavinum að því að greina flókin vandamál, finna lausnir við þeim og innleiða þær með skilvirkum og árangursríkum hætti. Vinna KPMG byggir á djúpri og yfirgripsmikilli þekkingu. **2**

Ingvar Ágúst Ingvarsson hjá ráðgjafarsviði KPMG sérhæfir sig í ráðgjöf og hagnýtingu Microsoft lausna og þjónustu. Hann hefur stýrt fjölda innleiðingarverkefna á Microsoft lausnum fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




Komdu með bókhaldið til KPMG

Við bjóðum skilvirka, rafræna og umfram allt - þægileg lausn.

Hafðu samband við næstu skrifstofu KPMG og við veitum þér nánari upplýsingar.

kpmg.is



Ráðgjafarsvið KPMG á Íslandi veitir fyrirtækjum hérlandis sem og erlendis alhliða ráðgjöf og er sífellt verið að breikka þjónustu-framboðið. „Starfsmenn ráð-gjafarsviðs hafa flestir áralanga reynslu, fjölbreyttan bakgrunn og sérhæfingu í þeirri þjónustu sem þeir veita viðskiptavinum. Þessi blanda gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar þjónustu í hæsta gæðaflokki á Íslandi,“ segir Ingvar Agúst Ingvarsson, sem nýlega hóf störf hjá ráðgjafarsviði KPMG, þar sem hann sérhæfir sig í ráðgjöf og hagnýtingu Microsoft lausna og þjónustu. Áður en Ingvar kom til KPMG starfaði hann sem sviðsstjóri viðskiptaþróunar og ráðgjafar hjá Þekkingu. Hann hefur stýrt fjölda innleiðingar-verkefna á Microsoft lausnum fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög.

„Við hjá KPMG vinnum með viðskiptavinum okkar að því að greina flókin vandamál og finna lausnir á þeim. Þar á meðal veitum við ráðgjöf varðandi stefnumótun og rekstur upplýsingakerfa. Í teym-inu eru sérfræðingar sem hafa djúpa og yfirgripsmikla þekkingu á öllum helstu upplýsingakerfum sem notuð eru í íslensku viðskipta-umhverfi og þá njótum við einnig stuðnings erlendra ráðgjafa KPMG ef þörf er á við lausn flókinna úrlausnarefna. Það er ómetanlegt fyrir okkur hér á íslensku skrifstofunni að hafa greiðan aðgang að erlendum sérfræðingum sem geta miðlað reynslu sinni til okkar í þeim verkefnum sem við erum að sinna hverju sinni,“ segir Ingvar sem starfaði meðal annars hjá Microsoft á Íslandi um nokkurra ára skeið og þekkir því vel að vinna í alþjóðlegu umhverfi.

KPMG samstarfsaðili ársins hjá Microsoft

Hann segir að upplýsingatæknin geti bæði aukið skilvirkni í dag-legum rekstri og bætt verulega framleiðni fyrirtækja. „Rétt nýting tækninnar getur eflt viðskipta-sambönd, dregið úr kostnaði og skapað verðmæti, en það verður að nalgast innleiðingu hennar með réttum hætti. Óskilvirk nýting tækni getur haft neikvæðar afleiðingar. Markmið okkar er að leiða viðskiptavinum okkar í gegnum hvert einasta skref stafrænnar umbreytingar, allt frá stefnu-mótun til framkvæmdar.“

Hann nefnir sem dæmi sam-skipta- og verkferlalausnina Teams frá Microsoft. „Teams er öflug og nútímaleg samskiptalausn sem styður vel við teymisvinnu og býður upp á fjölbreyttar leiðir til að auka framleiðni og starfs-ánægju. En það er mikilvægt að standa rétt að innleiðingunni ef lausnin á að nýtast viðkomandi fyrirtæki. Það verður að skilgreina það hvernig nota eigi Teams á vinnustaðnum, ganga úr skugga um að notkunin uppfylli alla



Ingvar segir að ef upplýsingatæknin er nýtt rétt geti hún aukið skilvirkni í daglegum rekstri og bætt framleiðni fyrir-tækja verulega, en að það verði að nalgast innleiðingu hennar með réttum hætti, því óskilvirk nýting tækni geti haft neikvæðar afleiðingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

öryggisstaðla fyrirtækisins og að starfsfólk hafi fengið viðeigandi þjálfun.“

Innan ráðgjafarteymis KPMG er lögð áhersla á að aðlaga virkni og notkun Teams að þörfum viðkom-andi starfsemi og styðja í fram-haldinu við innleiðingu og þjálfun starfsfólks og stjórnenda.

„Við erum vel í stakk búin til að veita þessa þjónustu, enda er KPMG Digital Transform-ation samstarfsaðili ársins hjá Microsoft. Ráðgjafar KPMG geta komið að öllum stigum inn-leiðingarinnar. Teymið hefur mikla reynslu af uppsetningu og utanumhaldi með Teams auk

”Teymið hefur mikla reynslu af uppsetningu og utanum-haldi með Teams auk þess sem við höfum yfir að ráða fólki sem þjálfað hefur þúsundir Íslend-inga í notkun lausnar-innar.

þess sem við höfum yfir að ráða fólki sem þjálfað hefur þúsundir Íslendinga í notkun lausnarinnar. Okkar markmið er að hjálpa viðskiptavinum í þeirra daglegu verkefnum. Við erum til að mynda að aðstoða sveitarfélög í að gera vinnu við fjárhagsáætlanagerð skilvirkari með því að verkefna-stýra þeirri vinnu í gegnum Teams og stytta þannig boðleiðir og auka yfirsýn,“ segir Ingvar.

”Þetta er ferli sem tekur tíma að móta og þroska. Því er mikil-vægt að hefja stafrænu vegferðina fyrr en síðar og nýta tækifærið til að skapa sér samkeppnis-forskot á þessum grund-velli.

Undirbúningsvinnan skiptir sköpum

Hann ítrekar mikilvægi undir-búnings- og greiningarvinnu áður en farið er í val og innleiðingu á dýrum hugbúnaði. „Stafræn veg-ferð eða stafræn framtíð hefur verið mikið til umræðu á síðustu árum sem eitt af helstu tækifærum fyrirtækja til að auka skilvirkni og árangur. Þar liggja líklega stærstu tækifærin í gagnagreiningu og svokallaðri skynvæddri sjálfvirkni, sem er hugtak sem nær yfir alla tækni sem varðar skrifstofuþjarka, skýjalausnir, gervigreind og vit-vélar.“

Hvað varðar gagnagreininguna segir Ingvar að gögn séu oft umfangsmikil og vannýtt auðlind í rekstri fyrirtækja og opinberra aðila. „Með viðskiptagreindar-hugbúnaði, til dæmis. PowerBI, er hægt að umbreyta hráum gögnum í verðmætar upplýsingar sem styðja við rétta og tímanlega ákvarðanatöku.“ Gögn hjálpa til við að sjá heildarmyndina hvort sem greina þarf eldri upplýsingar, rauntíma eða spá fyrir um hvað muni gerast á næstunni. Sú sýn gerir það kleift að taka upplýsta ákvörðun, allt frá stefnumótun til beinna samskipta við viðskipta-vini og hagsmunaaðila.

„Við hjá KPMG höfum hannað mælaborð fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina í margs konar rekstri og fyrir helstu viðskipta-kerfin sem eru í boði. Mælaborðin byggja á traustum undirliggjandi rekstrarupplýsingum, settum fram á skýran hátt og byggt á þörfum hvers og eins, hvort sem um ræðir mælaborð ætlað fjármálastjórum, framkvæmda-stjórn eða öðrum starfsmönnum. Þessi mælaborð er til dæmis hægt að tengja inn á verkefnasvæði í Teams og auka þannig yfirsýn stjórnenda.“

Mikilvægt að hefja vegferðina fyrr en síðar

Sjálfvirknivæðing og notkun þjarka er eitthvað sem fólk sér frekar fyrir sér í verksmiðjum en skrifstofuumhverfinu, en Ingvar segir að mörg störf sé hægt að setja í hendur þjarka. „Markmiðið með slíkum skrifstofuþjörkum er að leysa af hólmi vinnuferla sem einkennast af mikilli handavinnu og eru siendurteknir. Þannig skapast svigrúm fyrir starfsfólk til að sinna meira virðisaukandi verkefnum.“

En þótt unnt sé að öðlast mik-inn ávinning á stuttum tíma með innleiðingu stafrænna lausna, gagnagreiningar og skrifstofu-þjarka segir Ingvar mikilvægt að hafa langtímasjónarmið í huga. „KPMG leggur ríka áherslu á að fyrirtæki móti sér skýra fram-tíðarstefnu, komi upp formlegu rekstrarumhverfi og haldi þannig markvisst og skipulega áfram í stafrænu vegferðinni. Hafa ber í huga að þetta er ferli sem tekur tíma að móta og þroska. Því er mikilvægt að hefja stafrænu veg-ferðina fyrr en síðar og nýta tæki-færið til að skapa sér samkeppnis-forskot á þessum grundvelli,“ segir Ingvar að lokum. ■





Starfsfólk Halló býr til ánægða viðskiptavini. Frá vinstri, Andrés Valur Jóhannsson, Dagný Eva Magnúsdóttir, Andri Árnason og Perla Kolka Pálsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Búum til ánægða viðskiptavini

Halló býr til ánægða viðskiptavini fyrir hátt í 200 íslensk fyrirtæki og stofnanir.

„Halló hefur frá árinu 2002 verið fyrirtækjum og stofnunum innan handar við að búa til ánægða viðskiptavini. Það höfum við gert með því að sinna símsvörum með reynslumiklu fólki og bros á vör,“ segir Andri Árnason, framkvæmdastjóri Miðlunar.

Hann segir fyrirtæki og stofnanir sjá sér æ meiri hag í því að útvísta símsvörum til Halló.

„Markmið með útivistun eru margþætt en okkar reynsla er fyrst og fremst sú að fyrirtæki leitast við að hagræða í sínu starfi um leið og þau auka þjónustu sína. Það kann að hljóma mótsagnakennt, en með útivistun skiptiborða- og þjónustusvörum er bæði hægt að spara peninga og auka þjónustu þar sem starfsfólk Halló er alltaf á vaktinni, tilbúið að svara næsta viðskiptavini á Ísafirði,“ segir Dagný Eva Magnúsdóttir, þjónustustjóri Halló.

Hún segir alls ekki þurfa að vera flókið að útvísta skiptiborða- og þjónustusvörum fyrirtækja og stofnana.

„Innleiðingarferlið er unnið í nánú samstarfi við starfsfólk Halló og oft er það líklegast til árangurs effyrirtæki líta á Halló sem auka starfskraft. Því meiri upplýsingar sem framlínan hefur um starf viðskiptavina, því betra,“ segir Dagný Eva.

Halló Hopp!


Frá sinni fyrstu rafskútu ákvað Hopp að vera í samstarfi við Halló við að þjónusta margvíslegar þarfir Hoppara og hefur Halló mannað þjónustuver fyrirtækisins með reynslumiklu fólki sem er ávallt til taks þegar viðskiptavinir Hopp þurfa á þjónustu að halda.

„Það hefur verið mjög gaman að vinna með Hopp að því að búa til ánægða viðskiptavini og sérstaklega þar sem mestur hluti þjónustunnar fer fram með stafrænum leiðum, í gegnum netspjall eða appið,“ segir Dagný Eva Magnúsdóttir hjá Halló.

„Samstarfið við Halló hefur reynst okkur vel þar sem við höfum getað stækkað hratt án þess að þurfa að huga sérstaklega að því að manna þjónustuverið okkar í takt við stækkandi viðskiptavinahóp. Við höfum getað treyst á Halló með það og erum virkilega ánægð með samstarfið,“ segir Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Hopp.



Hvernig hefur þú samband við fyrirtæki á Íslandi?



Það tekur skamma stund að læra inn á viðskiptavini, meðal annars hvaða þarfir viðkomandi fyrirtæki hefur og hvernig það vill haga sinni þjónustu.

„Með nýjustu tækni er starfsfólki Halló gert kleift að setja sig vel inn í starfið. Það hefur aðgang að kerfum sem það getur nýtt sér til veita afbragðs þjónustu og

markmiðið er að viðskiptavinurinn sem sækir sér þjónustu merki engan mun á hvort verið sé að tala við Jón hjá Halló eða Gunnu í mótökunni,“ útskýrir Dagný Eva.

Skrifstofuvinnna breytist hratt Covid-tímabilið hefur verið áhuga-vert fyrir marga hluta sakir og segir Andri tvennan lærdóm mega

draga af ástandinu í heimsfarald-
inum.

„Við lærðum að sé vel búið að starfsfólki, og því gefnar bjargir til að sinna vinnu sinni hvar sem er, er það vel mögulegt. Í dag er starfsfólk Halló staðsett víða um land, og meira að segja er fyrirtækið með starfsfólk sem sinnir þjónustu við viðskiptavini frá Danmörku og Þýskalandi. Við uppgötvuðum líka að fyrirtæki eru að vakna upp við þann veruleika að vinna þarf ekki endilega að fara öll fram á vinnustöðum fyrirtækja né á skrifstofutíma frá níu til fimm. Fjarvinna er orðin raunverulegur kostur og þá stokka stjórnendur einnig upp sína sýn á hvernig móttöku og þjónustu viðskiptavina er hátt. Þannig hefur Halló á þessu tímabili innleitt fjölda viðskiptavina sem eru að taka ákvarðanir um að útvísta skiptiborða- og þjónustusvörum samhliða því að breyta vinnureglum um viðveru starfsfólks á skrifstofunni,“ greinir Andri frá.

Undanfarin sex ár hefur Halló unnið könnun með MMR, þar sem þjóðin er spurð með hvaða hætti

**Með sameiningu Halló og Síma-
versins á Ísafirði varð til eitt stærsta þjónustufyrirtækið í þessum geira og er fyrirtækið nú enn betur í stakk búið að mæta fjölbreyttum þörum viðskiptavina.**

Dagný Eva Magnúsdóttir

hún kys helst að vera í samskiptum við fyrirtæki og stofnanir.

„Það hefur verið mjög áhuga-vert að fylgjast með niðurstöðum þessara kannana,“ segir Andri.

„Fyrir sex árum kaus mikill meirihluti landsmanna að eiga í samskiptum við fyrirtæki í gegnum síma. Það er að breytast hratt. Í dag velur um helmingur þá leið, en í vaxandi mæli velur fólk að vera í samskiptum við fyrirtæki í gegnum stafrænar leiðir eins og netspjall. Í dag velur fjórðungur þá leið, en sé aðeins horft á aldurs-
hópin 18 til 29 ára eru 26 prósent sem velja þá leið.“

Halló hefur aðlagð starfsemi sína að þessum niðurstöðum og er í vaxandi mæli að aðstoða fyrirtæki við að búa til ánægða viðskiptavini með fjölbreyttum leiðum.

„Það gerum við með því að aðstoða fyrirtæki við að setja upp netspjall og við höldum utan um erindi viðskiptavina svo hægt sé að sinna þeim, sama úr hvaða átt þau koma; netspjalli, síma, Messenger, Twitter eða tölvupósti,“ segir Andri. ■

Öllum hollt að víkka sjóndeildarhringinn



Starri Freyr
Jónsson
starri
@frettabladid.is

Arnþór Axelsson tekst á við krefjandi og skemmtileg verkefni sem ráðgjafi hjá endurskoðunar- og ráðgjafar-fyrirtækinu Ernst & Young í New York í Bandaríkjunum. Þarf hefur hann starfað síðan sumarið 2015.

Arnþór Axelsson hefur um nokkurra ára skeið starfað sem ráðgjafi hjá endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækinu Ernst & Young (EY) í New York í Bandaríkjunum. Hann kann vel við sig í borginni sem sefur aldrei og verkefni eru bæði krefjandi og skemmtileg að hans sögn: „Ég starfa almennt séð á vettvangi gagnagreiningar og líkana. Innan deildarinnar minnar er alls konar hæfileikaríkt fólk sem sérhæfir sig í mismunandi hlutum af gagnagreiningarferlinu. Síðustu ár hef ég byggt upp þann orðstír að vera tiltækur í þessum ferlum frá upphafi til enda, en ekki endilega með sérhæfingu í neinum stökum þætti. Verkefni mín eru gjarnan blanda af meðhöndlun og sjálfvirkni gagnavinnslu, gagnagreining og forritun, spálíkön og hönnun sjónrænna gagna.“

Forsetinn stundum fyrir

Hann bjó fyrstu ellefu árin í Danmörku með fjölskyldunni áður en þau fluttu heim og settust að í Hlíðunum í Reykjavík. Seinna hóf hann nám á eðlisfræðibraut í MR og tók næst BSc.-gráðu í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands. „Á öðru ári mínu í verkfræði fór ég í skiptinám í George Washington University í Washington DC og upplifði þá fyrst lífið í Bandaríkjunum. Það var eiginlega bara hálfgerð skyndiákvörðun eftir að hafa lesið bækling um skiptinám og sótt um samdægurs.“

Hann segir árið í höfuðborg Bandaríkjanna hafa verið afar skemmtilegt og hann eigi góðar minningar frá þeim tíma. „Borgin er sjarmerandi og skemmtileg ef maður þekkir til og ég eignaðist góða vini sem ég á enn að. Bara síðustu helgi var ég í brúðkaupi hjá fyrrverandi herbergisfélagamínun. Þetta er líklegast eini staðurinn í heiminum þar sem það þykir góð afsökun, þegar maður mætir of seint í tíma, að forsetinn hafi verið að keyra um hverfið á sama tíma.“

Stefndi á London eða New York

Árið síðar kláraði hann námið við HÍ og sótti um meistaranám í fjármálaverkfræði í New York University. „Ég valdi skólann fyrst



New York er stórkostleg borg að mati Arnþórs Axelssonar sem hefur starfað þar í sex ár.



og fremst því þar kenndi prófessor Nassim Taleb sem ég hafði lesið bækur eftir og verið hrifinn af. Síðan komst ég að því að ólíkt Íslandi þá þykir ekki til síðs að sækja bara um í einum háskóla en sem betur fer gekk það eftir og ég flutti 2013 til Brooklyn og hef verið þar allar götur síðan.“

Síðustu sumrin sem hann dvaldi hér á landi starfaði hann hjá Íslandsbanka og í höfuðstöðvum Arion banka auk þess að sinna ýmsum verkefnum samhliða námi hjá Lána- og greiningardeild Arion banka.

„Þegar ég hóf nám í New York University setti ég stefnuna fljótlega á störf í stóru bönkunum, annað hvort í New York eða London. Fljótlega komst ég þó að því eftir sumarstarf í Nomura banka í London að það ætti illa við mig. Ég endaði síðan blessunarlega

Þessa dagana vinn ég að heiman og hef miklu meira svigrúm til að skipuleggja dagana mína fram í tímann.

í ráðgjafastarfi síðar hjá EY í New York.“

Hörð samkeppni

Það gekk þó á ýmsu áður en Arnþór skrifaði undir hjá EY. „Eftir útskrift hafði ég 90 daga til að tryggja mér vinnu og öðlast svo kallað OPT-starfsleyfi meðfram dvalarleyfi. Ég sótti um víða á þessum tíma og það gekk vel í viðtalsferlinu hjá nokkrum stórum fjármálafyrirtækjum. Samkeppnin var og er hins vegar mikil og það þarf svo að ég var eiginlega að renna út á tíma. Ég bað þabba vinar míns um ráð, þar sem hann hafði lengi unnið í stórum fyrirtækjum erlendis og hann benti mér á ráðgjöf sem mögulegan starfsvettvang.“

Arnþór segist hafa komið ferilskránni sinni eftir krókaleiðum á skrifborðið hjá EY partner í London sem talaði við hann í síma og ákvað í kjölfarið að senda hann áfram til kunningja síns í New Jersey. „Þann mann hitti ég í hádegismat þar sem hann spurði mig nánar á hverju ég hefði áhuga og sendi síðan ferilskrána mína til vinnufélaga í New York. Eftir símavalið við hann sendi hann mig loksins einu sinni áfram á annan partner sem ég hitti á skrifstofu EY sem var þá á Times Square. Á þessum flugpunkti var ég búinn að kaupa flugmíða heim til Íslands og segja upp íbúðinni minni. Daginn fyrir flug heim fékk ég simtal þar sem mér var boðið starf við ráðgjöf í deild sem hét þá Emerging Technologies – Advanced Analytics.“

Þykir vænt um tækifærið

Hann segir öllum hollt að víkka sjóndeildarhringinn annað

” Mér þykir afskaplega vænt um að hafa fengið tækifæri til að taka ár í skiptinámi og hvet alla hiklaust til að ihuga það. Það fer síðan eftir hverjum og einum hvort starf erlendis þykir áhugavert.

slagið, til dæmis með því spreyta sig erlendis í námi eða í starfi. „Ég held að það sé mjög góð leið til þess að læra af öðrum, upplifa aðra menningu og sjækja tækifæri sem gæfust ekki annars. Þér þykir afskaplega vænt um að hafa fengið tækifæri til að taka ár í skiptinám og hvet alla hiklaust til að íhuga það. Það fer síðan eftir hverjum og einum hvort starf erlendis þykir áhugavert. Hér í New York gefast mér tækifæri vinnulega seð sem ég einfaldlega gæti ekki fengið á Íslandi. Á móti kemur að ég er langt frá fjölskyldu og vinum. Ég get bara svarað fyrir sjálfan mig, en ég er ánægður með þær ákvarðanir sem ég hef tekið hvað þetta varðar.“

Stórkostleg borg

New York er stórkostleg borg að hans mati. „Það þekkja allir sem hingað hafa ferðast að það er endalaust hægt að gera á nánast hvaða tíma sem er. Það sem færri ferðamenn sjá er hvernig borgin er fyrir utan þekktu ferðamanna-staðina á Manhattan. Þar sem ég bý í Brooklyn er almennt frekar röleggt umhverfi, en alltaf stutt í bari og veitingastaði þegar þannig liggur á manni. Það er stutt rölt í Prospect Park, sem er miklu betri en Central Park að mínu mati, og neðanjarðar-lestin ferjar mig hvert sem er á stuttum tíma.“

Sökum heimsfaraldursins er þó líf Arnþórs öllu rólegra um þessar mundir en hann er vanur. „Þangað til mars 2020 tók ég 60-80 flug á ári sem þýddi að erfitt var að koma sér upp rútínu. Þessa dagana vinn ég að heiman og hef miklu meira svigrúm til að skipuleggja dagana mína fram í tímann. Nýleg áhugamál eru golf og tennis og þá kemur sér vel að í húsinu mínu er golfhermír og stutt rölt í tennisvelli. Annars eru dagarnir bara ósköp venjulegir. Ég hef gaman af því að elda, spjalla við félagana í bókaklúbbnum og geri mér dagamun með vinum þegar vel liggur á.“ ■

Búum í hagin fyrir atvinnulíf framtíðarinnar

arionbanki.is

Traustur fyrirtækjarekstur og öflug
nýsköpun kallar á samstarfsaðila sem
skilur þarfirnar.

Arion banki býður fyrirtækjum af öllum stærðum og í öllum geirum alhliða þjónustu með fagmennsku, innsæi og þekkingu að leiðarljósi.

Hafðu samband á fyrirtaeki@arionbanki.is,
við þjónustuver í síma 444 7000 eða í
netspjalli á arionbanki.is.





hugbúnaður

dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

Verið velkomin í skýið hjá dk

Eitt vinsælasta bókhalds- og sölukerfið

Yfir 7.000 fyrirtæki nýta sér þjónustu dk hugbúnaðar í dag. Það gerir dk að einu stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Stór sem smá fyrirtæki eru með bókhaldið í skýinu hjá dk og nýta sér þannig fjölbreytta þjónustu þess í hugbúnaðar- og hýsingarlausnum eins og bókhaldskerfi, birgðakerfi, innkaupakerfi, launakerfi, sölukerfi og sjálfsafgreiðsla. Allskyns rafrænar lausnir ásamt tengingum við banka og opinbera aðila. Einnig er boðið upp á mikið úrval smáforrita sem tengjast beint í kjarna dk viðskiptahugbúnaðar. Fjöldi þjónustufyrirtækja hafa skrifað tengingu við dk í gegnum dk Plus REST vefþjónustuna. Tengingar fyrir vefverslanir, allskyns skýrslur, margskonar bókunarkerfi og hótélbókunarkerfi. Hafið samband við okkur og fáið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir ykkar fyrirtæki.

VR


FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2020

2020 Fyrirmyndarfyrirtæki
Íslenski
Vaxandi
Markaður



dk hugbúnaður
510 5800 | dk@dk.is | dk.is
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri

Leiðir til að halda í gott starfsfólk



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Það er oft erfitt að missa gott fólk út úr fyrirtæki en það eru ákveðnir lykilþættir sem eru líklegastir til að fá fólk til að hætta. Fyrirtæki geta passað vel upp á þessa þætti til að auka líkurnar á að gott fólk fari hvergi.

Það getur verið slæmt fyrir fyrirtæki að missa starfsmenn sína, ekki síst lítil fyrirtæki þar sem hlutverk hvers einasta starfsmanns er mikilvægt. En mannauðs- stjórar segja að það séu ákveðnir lykilþættir sem koma mjög oft upp þegar fólk segir starfi sínu lausu sem fyrirtæki geta hugað að til að koma í veg fyrir að þau missi frá sér gott starfsfólk.

Vöxtur og nýjar áskoranir
Skortur á tækifærum til að vaxa í starfi og stöðnun er ein algengasta orsök þess að fólk hættir. Með því að veita því athygli þegar fólk leggur hart að sér og setja upp skýra framabraut er hægt að láta starfsmönnum líða eins og þeir eigi framtíð innan fyrirtækisins. Það er líka mikilvægt að yfirmenn tali við starfsfólk sitt um markmið þess í starfi svo að það sé hægt að koma til móts við væntingar þess.

Ef vinnan er heilalaus er líka hætta á að fólk gefist upp. Þess vegna er mikilvægt að starfsfólki líði eins og það sé alltaf að læra eitthvað nýtt. Til þess þarf það sífellt að fá ferskar áskoranir og ný markmið.



Það getur verið mikil eftirsjá að góðu folki og því skiptir máli að gera það sem hægt er að til að halda í það.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Sýnið að starfsfólkið hafi gildi
Laun eru önnur mjög algeng ástæða fyrir því að fólk skiptir um vinnu. Starfsfólk getur auðveldlega komist að því hvernig aðrir í sama geira fá borgað og því er að sjálfsögðu mikilvægt að bjóða samkeppnishæf laun og fríðindi.

En peningar duga yfirleitt ekki einir og sér. Fólk þarf líka að finna að það sé metið að verðleikum og ef fyrirtæki tekur ekki eftir afrekum starfsmanna getur verið að þeir vilji fara og spreyta sig annars staðar. Þess vegna er mikilvægt að það sé eitthvert kerfi til staðar til að gefa góðu

starfsfólki klapp á bakið og því sé látið líða eins og það sé mikilvægur hluti af fyrirtækinu.

Það er sniðugt að verja tíma með starfsfólkinu utan vinnu, til dæmis með því að borða hádegismat saman, og leita álits þess þegar það á við. Það bætir samskiptin og sýnir að framlag þess skiptir fyrirtækið máli. Það eykur líka venskapinn, sem ýtir oft undir tryggð við fyrirtæki.

Jafnvægi vinnu og einkalífs
Ef starfsfólki er ekki boðið upp á sveigjanleika gæti verið meiri hætta á að missa það. Samkvæmt

gríðarstórri könnun frá ráðgjafar-fyrirtækinu Deloitte er þúsaldar-kynslóðin líklegri til að vinna hjá sama fyrirtæki í að minnsta kosti fimm ár ef hún fær sveigjanleika varðandi hvar og hvenær unnið er. Með því að gera fólki kleift að vinna að heiman, bjóða upp á styttingu vinnuvikunnar eða annað slíkt er hægt að sýna starfsfólki að fyrirtækinu finnist frítími þess og einkalíf líka skipta máli. Það hvetur starfsfólk um leið til að leggja harðar að sér þegar það er í vinnunni, í stað þess að telja bara að niður klukkustundirnar.

Að sama skapi er mikilvægt að leggja áherslu á góða andlega heilsu starfsmanna og vinna gegn streitu. Það eru ýmsar leiðir færar á þessu sviði og minna álag og streita leiðir til ánægðari starfsmanna og yfirleitt betri afkasta.

Kostir þess að missa starfskraft
Það þarf ekki alltaf að vera að öllu leyti slæmt að missa verðmætan starfskraft. Margir atvinnurekendur líta á það sem kost að geta bætt nýjum hæfileikum við fyrirtækið, jafnvel þó að það kunni að vera eftirsjá að starfsmanninum sem fór. Það að fá nýtt fólk inn í fyrirtækið getur skapað ný tækifæri og möguleika. Þegar starfsmaður hættir býður það líka upp á tækifæri til að átta sig betur á því sem mætti betur fara innan fyrirtækisins og eiga opnar og heiðarlegar umræður um það sem er hægt að bæta. ■

BOÐLEIÐ

UNICONTA

Hraðvirkt og fullkomið bókhaldskerfi

Við hjá Boðleið bjóðum upp á yfirgripsmikla þjónustu við bókhaldskerfi og bókhaldsþjónustu. Nýverið hófum við að selja og þjónusta Uniconta bókhaldskerfið sem er hraðvirkt og fullkomið bókhaldskerfi sem veitir yfirsýn yfir það sem fyrirtækið þitt starfar við. Uniconta kerfið uppfyllir okkar ströngustu kröfur því viðskiptavinir okkar eiga það besta skilið.

Nánari upplýsingar í síma **535 5200** eða tölvupósti á **uniconta@bodleid.is**

UNICONTA

partner

Skemmtileg og einföld leið til að gleðja starfsfólkið

Með fyrirtækjaaðgangi YAY er hægt að gefa gjafa-
bréf með skemmtilegri og
persónulegri mynd, texta
eða vídeókvæðju á fáeinum
sekúndum. Á rétt einu ári
hefur verið tekið á mót
um 300 þúsund stafrænum
gjafabréfum í gegnum YAY-
lausnina.

YAY sló strax í gegn hjá einstak-
lingum og fyrirtækjum.
Athygli vekur hversu mikill
fjöldi einstaklinga og ekki síður
fyrirtækja, stofnana og starfs-
mannafélaga hefur nýtt sér YAY.
„Það hefur vissulega gengið vel
og notkun á fyrirtækjaaðgangi YAY
hefur algjörlega slegið í gegn, enda
afar aðgengilegur,“ segir Sigríður
Inga Svarfdal, sölustjóri YAY.

„Stundum þurfa fyrirtæki enga
kynningu áður en þau byrja að
nota fyrirtækjaaðganginn, en við
þjódum upp á nokkurra mínútna
kynningu, til dæmis í gegnum
netið eða með því að kíkja í heim-
sókn. Fyrirtækin afgangið sig sjálf
og dreifa gjafabréfunum í formi
mynda, texta eða með vídeó-
kvæðju sem er innbyggð þjónusta,
rétt eins og í YAY-appinu eða inni
á YAY.is.

Fyrirtækjaaðgangurinn er sér-
staklega hannaður til að dreifa
fjölda gjafa í einu. Það tekur rétt
augnablik að senda stafrænt, því
fylgir enginn kostnaður og þiggi-
endur eru meira en sáttir. Úvalið
er frábært í YAY. Þess vegna nota
fyrirtæki og stofnanir YAY aftur og
aftur.“



Sigríður Inga Svarfdal sölustjóri segir YAY hafa gert gjafabréf skemmtilegri.

**YAY-gjafabréfin eru
virkilega skemmti-
leg nýjung sem á engan
sinn líka í heiminum.**


**Að velja rétta gjöf handa
100 manns**
Það er ljóst að fólkið á bak við YAY
býr að góðri reynslu. Aðspurð
hvernig YAY tekst að leysa öll
gjafamál fyrir einstaklinga og
fyrirtæki, segir Sigríður Inga málið
afar einfalt.
„Við þekkjum af eigin raun
að reyna að gleðja stóran starfs-
mannahóp og rétt hægt að ímynda
sér hvernig það er að höfða til

allra, hvort sem um er að ræða tíu
eða þúsund starfsmenn á öllum
aldri. YAY leysir þennan valkviða
sérstaklega með tilliti til gefenda
og þiggjenda. Í fyrsta lagi býður
YAY upp á eitt allra besta úrval
verslana, veitingastaða og afþreyingar
í landinu. Allt utanumhald er úr
sögunni, þetta er umhverfis-
vænn kostur, gjaldfrjáls þjónusta,
og kostnaður við dreifingu eða
framleiðslu heyrir sögunni til.
Það sparar bæði gefendum og
þiggjendum verðmætan tíma. Auk
þess minnir YAY-appið notendur á
gjafabréfin og kemur í veg fyrir að
gjafabréf gleymist eða glatist.“

Gerðu gjafabréf skemmtilegri
*Hverjar eru helstu ástæður þess
að YAY hefur vaxið jafn hratt sem
gjafalausn?*



Samstarfsaðilar YAY eru nú yfir 200.



Viðeókvæður YAY hafa slegið í gegn.

„Gjafabréf eru í sjálfu sér mjög
svo heppileg gjöf, en þau hafa
hingað til hvorki verið notenda-
væn né unnið með neytendum,“
segir Sigríður Inga. „Við hjá YAY
vildum breyta því og gerðum það
með því að frelsa gjafabréfin og
gera þau skemmtilegri. Við vildum
færa frelsið til neytenda, bæði
gefenda og þiggjenda, og bjóða
upp á skemmtileg samskipti um

leið og gjafabréfin yrðu notenda-
vænni. Ætli það sé ekki lykkillinn?
Þetta snýst jú allt um að gefa góða
og persónulega gjöf sem nýtist, og
ekki sist að upplifunin sé góð við
að gefa og þiggja gjafir.“

Sigríður Inga segir möguleikann
á að senda persónulega kvæðju
með gjöfinni hafa hitt fólkið hjarta-
stað.

„Þannig hefur vídeókvæðjan
slegið í gegn. Frelsi neytandans
felst svo í ýmsum þjónustum
innan YAY. Möguleikar eins og
að tímastilla gjöf; hvenær hún á
að berast viðtakandanum. Svo er
hægt að gefa gjöf sem viðtakand-
inn sér ekki fyrir sér að nota og vill
gefa öðrum. Hann getur þá pakkað
henni stafrænt inn og gefið öðrum
sem nýja gjöf. Notendur geta einn-
ig selt gjafabréf sem þeir ætla sér
ekki að nota á markaði YAY-apps-
ins, sem er líklega öruggasti endur-
sölumarkaður á gjafabréfum sem
til er. YAY-gjafabréfin eru virkilega
skemmtileg nýjung sem á engan
sinn líka í heiminum.“ ■

Kiktu við á yay.is og skoðu alla
möguleikana.



YAY fyrir tíma stjórnenda, þörfum starfsmanna og umhverfinu

Stafræn gjöf sem hentar öllum
og minnir eigendur gjafabréfana
á sig. Alltaf með í símanum.

Hafðu samband
við fyrirtækja-
þjónustu YAY
info@yay.is

Umhverfisvænt
Ekkert plast
eða pappir.

10000 kr.
Gildi til: 30.05.2025
HALDA ÁFRAM
KAUÐA FYRIR MIG

**Engin pökkunar- eða
sendingarkostnaður**

Stafrænt, umhverfisvænt
og engin framleiðsla.

**Fyrirtækið velur
upphæð og ...**

Starfsmaðurinn velur
gjöfina úr fjölda möguleika.

**Tímasparnaður
og engin umsýsla**

Tími gefenda og við-
takenda er verðmætur.

**Gildir hjá 200+
samstarfsaðilum YAY**

Opíð gjafabréf gildir hjá
öllum samstarfsaðilum YAY.

**Persónuleg kvæða með
texta eða myndbandi**

Gerir upplifunina enn
eftirminnilegri.

**Öryggi og vernd
gjafabréfa YAY**

Alltaf með þér í símanum
og glatast því ekki.

Eru starfsmenn þínir svefndrukkarnir?



Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria
@frettabladid.is

Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á það hversu mikilvægur svefn er fyrir almenna líkamlega heilsu, geðheilsu, heilavirkni og margt fleira. Þessu greinir vefmiðill Corborate Wellness Magazine frá. Svefn spilar gríðarstórt hlutverk í heilsu einstaklingsins og endurnýjun líkamskerfa.

Áhrif svefns á heilsu og skilvirkni eru því miður enn sárlega vanmetin í dag og er þörf á miklum breytingum á viðhorfi fólks almennt sem og á fyrirtækjamarkaðnum. Því svefnvandi bitnar ekki bara á persónulega lífinu heldur líka á starfsgetu fólks. Í besta falli getur svefnleysi minnkað skilvirkni starfsmanna töluvert og stuðlað að auknum mistökum. Í versta falli getur svefnleysi orsakað vinnuslys. Slíkt getur kostað fyrirtæki stórfé í tryggingar og starfsmannaleyssi.

Slæm áhrif á líkama og hugsun
Almennt er mælt með að fólk fái um sjö klukkustunda svefn á hverjum sólarhring til að viðhalda heilbrigði. Nýlegar rannsóknir sýna þó fram á að einn þriðji hluti fullorðinna fær ekki nægan svefn. Þá virðast þeir sem sofa færri klukkustundir en sjö eiga meiri hættu á að þróa með sér sykursýki, offitu, þunglyndi og æðasjúkdóma.

Önnur rannsókn sýndi nýlega fram á að svefnleysi stuðli að mikilli minnkun á sumri heilastarfsemi, þar á meðal má nefna sköpunargáfu, sundurhverfri hugsun, ákvarðanatöku, skammtíma- og vinnsluminni og verkefnavinnu, jafnvel þó svo að starfsmaður noti örvandi leiðir, eins og koffín, til að vakna. Krónískt svefnleysi stuðlar oft að minni árvekni og hægari viðbrögðum sem getur hamlað starfsfólki að taka snöggar ákvarðanir. Afleiðingarnar eru í mörgum tilfellum mistök og vanræksla sem



Það eiga flestir svefnvana nótt endrum og eins, en það má ekki vanmeta neikvæð áhrif þreytu og slens. Krónísk svefnvandamál geta þar að auki haft hrikalegar afleiðingar.
FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

» Svefnþurfi einstaklingur hefur sams konar samhæfingu og viðbrögð og löglega drukkinn einstaklingur.

getur haft langtímaáhrif á sjálfbærni og hag fyrirtækisins. Það sem meira er að fólk sem þjáist af svefnleysi sýnir oft fram á getuleysi til þess að koma auga á eigin virkni og hvernig hún er skert af völdum þreytu.

Svefndrukkinn starfsmaður
Það er athyglisvert og hreinlega stuðandi að ein rannsókn sýndi fram á að eftir 10 klukkutíma af árvekni hafði hver klukkutími til viðbótar við vinnu þau áhrif á getu einstaklinga, sem samsvöruðu 0,004% af alkóhóli í blóðinu. Þetta bendir til þess að einstaklingur sem þjáist af svefnleysi hafi sams konar samhæfingu og viðbrögð og einstaklingur sem er löglega drukkinn.


Svefnþurfi einstaklingar eiga erfiðara með að einblína á



Fólk með langvarandi svefnvandamál á oft erfitt með að bera kennsl á það.

Húsgögn fyrir kaffihús, bari og veitingastaði

FAMEG
GERMAN DESIGN



KAJA
ITALIAN INTERIOS



PEDRALI®
THE ITALIAN ESSENCE



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehfi.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur Draghálsi 4 -
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

mikilvæg atriði og hafa yfirsýn yfir atburði og verkefni. Þetta getur hamlað vinnuflæði og samskiptum milli fólks á vinnustaðnum. Að auki sýnir önnur rannsókn fram á að rödd vansvefta einstaklinga lækki og ákefð hennar minnki. Þeir tala hægar og óskýrar, taka óþarflega langar pásur, umla meira, málvendni fellur niður og þeir endurtaka sig oftast innan sömu setningar.

„Svefnleysi skadar okkur öll,“ segir Deborah A.P. Hersman, framkvæmdastjóri NSC í Bandaríkjunum. „Við höfum flest tilhneigingu til að hunsa þreytu-einkenni, en heilsa og öryggi starfsmanna eru í húfi þegar ekki er tekið á vandanum. Að gera ekkert í svefnvandamálum getur kostað fyrirtæki mun meira en margir gera sér grein fyrir.“

Aðgerða er þörf
Mikilvægt er einnig að fræða starfsfólk og stjórnendur um mikilvægi svefnheilsu. Þá er jafnframt mikilvægt að stjórnendur læri að koma auga á einkennum svefnvandamála og kunni að taka á þeim ef þau birtast hjá starfsfólki, til þess að koma í veg fyrir afleiðingar þeirra.

Eitt af því sem hægt er að gera til að koma í veg fyrir og minnka áhrif svefnleysis á starfsmenn er að taka svefn inn í heilsuprógrömm

fyrirtækja. Mörg fyrirtæki eru með verkefni í gangi sem stuðla að heilbrigði starfsfólks. Flest slík verkefni einblína á þætti eins og mat og næringu, hreyfingu og að minnka reykingar. En oft vantar einn mikilvægasta þáttinn, sem er heilbrigður svefn.

Stuttir blundir og pásur hafa jákvæð áhrif á heilsu starfsfólks og minnka hættuna á slysum og mistökum á vinnustöðum. Mörg fyrirtæki bjóða nú þegar upp á herbergi þar sem starfsfólk getur tekið stuttar kríur. Þar á meðal höfuðstöðvar The Huffington Post í New York, höfuðstöðvar Nike í Oregon og NASA. Þessi fyrirtæki hafa staðfest að skilvirkni starfsmanna hefur aukist með þessari viðbót.

Það hjálpar líka ef vinnustaðurinn er hannaður á þann hátt að hann hafi ekki neikvæð áhrif á svefnvenjur. Mælt er með því að vinnustaðir hafi þrennt í huga þegar kemur að árvekni á vinnustað. Lýsingu, hitastig og hávaða.

Lýsing á vinnustað getur ýmist haft jákvæð eða neikvæð áhrif á svefnmynstur starfsmanna. Til dæmis er mælt með að auka birtustig hjá starfsfólki sem stendur næturvaktir til þess að auka árvekni starfskrafta. Hátt hitastig á vinnustað getur einnig haft stressandi áhrif og gert starfsfólk syfjað og þjakað. Þá er gott að miða við 20°C. ■

Góð þjónusta og alúð í hverju handtaki

Starfsfólk Múlalundar vinnustofu SÍBS, tekur að sér fjölbreytt verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir. Verkefnin spanna breytt svið ýmiss konar handavinnu og skapa um leið mikilvæg störf fyrir fólk með skerta starfsorku.

Múlalundur sérframleiðir einnig fjölbreyttar lausnir fyrir viðskiptavinum og selur auk þess fjölbreytt úrval rekstrarvara svo sem skrifstofuvörur, bréfpoka fyrir fyrirtæki, andlitsgrímur og margt fleira.

„Hjá Múlalundi tökum við að okkur mjög fjölbreytt verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir víðs vegar um samfélagið, til lengri eða skemmri tíma,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS.

Þar vinna dugmiklir einstaklingar sem hafa þurft að takast á við fötlun og veikindi, bæði andleg og líkamleg, í kjölfar slyss eða heilsuþrestra.

„Öll þessi verkefni skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku auk þess að skila hágæðaverki til viðskiptavina. Mörg fyrirtæki ná með viðskiptum sínum við Múlalund að flétta saman daglega starfsemi og samfélagsverkefni sem er frábær blanda. Þetta eru ýmist sérframleiðsluverkefni eða fjölbreytt verk sem þarf oft að vinna í höndunum, en verkefni til lengri tíma eru sérstaklega mikilvæg.“

Vörur sérframleiddar fyrir viðskiptavinum

Múlalundur sérframleiðir vörur sem hannaðar eru sérstaklega fyrir tiltekna viðskiptavinum með þeirra útliti, áletrunum eða hönnun. Dæmi um þetta eru bréfpokar, sérhæfðir plastvasar, möppur eða fundabækur með áletrun viðskiptavinar.

„Stór hluti landakorta á Íslandi er seldur í plastvasa frá Múlalundi til að auka endingu, Andrésar Andar-möppurnar eru þekktar, og matseðlar og hótelmöppur Múlalundar eru notaðar víða um land. Múlalundur framleiðir einnig músamottur sem nýttar eru til innri og ytri markaðssetningar, þar sem mikilvægar upplýsingar eru í



Sigurður Viktor Úlfarsson er framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Múlalundur framleiðir fjölbreyttar vörur þar sem litir eða eiginleikar eru lagaðir að þörfum kaupandans.



Verkefni starfsfólksins á Múlalundi eru margvísleg og vandað til verka.

orðsins fyllstu merkingu alltaf við höndina. Þá hefur Múlalundur á að skipa öflugum starfsfólki með mikla þekkingu á bókbandi og öskjugerð sem margir nýta sér,“ upplýsir Sigurður.

Fjölbreytt verkefni og alúð í hverju handtaki

Auk sérframleiðslu tekur Múlalundur að sér ýmiss konar verkefni fyrir fyrirtæki.



Vinnugleðin er allsráðandi á Múlalundi og verkefnin fjölbreytt og unnin af natni, vandvirkni og alúð.

„Mörg fyrirtæki kjósa að nýta sitt starfsfólk í annað og fá okkur í handavinnuna. Ef þú þarft að raða, klippa, pakka, líma eða hvað sem er þá erum við til í tuskid,“ segir Sigurður og heldur áfram:

„Margir tengja Múlalund við möppur og plastvasa en fjölbreytni verkefna er miklu meiri. Öflug innflutningsfyrirtæki fá okkur til að líma íslenskar öryggisleiðbeiningar og strikamerki á vörur sem

Við segjum gjarnan að það að nýta þjónustu Múlalundar sé einfaldasta samfélagsverkefnið. Fólk er mikilvægt að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu.

síðan fara í verslanir, við pökkum inn hleðslulyklum, merkjum kassa og fjölmargt fleira. Við höfum til dæmis tekið að okkur að pakka sóttvarnagrínum í þúsundtali í smærri umbúðir þar sem mikil áhersla er lögð á hreinlæti og vandvirkni. Við höfum líka pakkað fatnaði og merkt fyrir fatahönnuði og við framleiðum ýmiss konar markpósta fyrir fyrirtæki þegar nauðsynlegt er að gera eitthvað alveg sérstakt sem þarfnast alúðar og mannskaps. Tvisvar í viku pökkum við fyrir Ávaxtabilinn og sjáum algjörlega um þann þátt í þeirra starfsemi,“ segir Sigurður.

Einfaldasta samfélagsverkefnið og gott verð

Hjá Múlalundi fást allar almennar skrifstofuvörur, bréfpokar, kassar, pappír og ritföng á einum stað. „Við segjum gjarnan að það að nýta þjónustu Múlalundar sé einfaldasta samfélagsverkefnið, bara að panta og fá vörurnar sendar um allt land daginn eftir,“ segir Sigurður.

Hann segir ánægjulegt að byggja upp sjálfstraust og þrótt fólks með þátttöku á vinnumarkaði.

„Fólk er mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu.“

Allar upplýsingar má finna á heimasíðu Múlalundar, mualundur.is, og úrvalið í vefversluninni kemur svo sannarlega á óvart.

„Eru ekki einhver verkefni sem taka óþarfa tíma á vinnustaðnum þínum? Þá er um að gera að láta Múlalund sjá um þau og skapa um leið störf fyrir fólk með skerta starfsorku. Það er tvöfaldur ávinningur.“ ■

Hjá Múlalundi stenst allt sem sagt er

„Það er alltaf „win win“ þegar báðir aðilar eru ánægðir og það á svo sannarlega við hjá Össuri og Múlalundi. Samstarfið gengur gríðarlega vel og við erum stolt af því að styðja við Múlalund,“ segir Guðni Páll Viktorsson, vöruhúastjóri hjá Össuri.

Verkefnin sem Múlalundur vinnur fyrir Össur eru af margvíslegum toga.

„Oftar en ekki eru þetta verkefni sem taka mikinn tíma og við teljum best til þess fallin að vera unnin á Múlalundi. Nú eru til dæmis breytingar á tollalögum í Evrópu og fyrir vikið þurfum við að merkja alla okkar útflutningskassa með litlum límmiða. Fyrirtæki eins og Össur sendir út gríðarlegt magn vara á hverjum einasta degi og þá þarf hver og einn kassi að vera merktur með slíkum límmiða. Ekki er hægt að prenta upplýsingarnar á kassana í framleiðslunni og því hefur Múlalundur séð um þetta verkefni fyrir okkur síðan í maí,“ upplýsir Guðni sem sendir kassa með límmiðum í gríð og erg á Múlalund.

„Enn höfum við ekki fundið einn einasta kassa sem á vantar límmiða frá Múlalundi



en ef við gerðum þetta sjálf er ég nokkuð viss um að það vantaði örugglega límmiða á kassa hér og þar. Vinnubrögðin eru vönduð og ljóst að það er lögð rík áhersla á að gera hlutina vel og faglega á Múlalundi,“ segir Guðni, ánægður með samstarfið.

„Hjá Múlalundi stenst líka allt sem sagt er. Oft er gefin upp ákveðin dagsetning fyrir verklokum en oftar en ekki

er Múlalundur á undan áætlan og búinn að skila af sér áður en sá dagur rennur upp. Það er náttúrulega æðislegt og einn af mörgum kostum fyrirtækisins.“

Guðni mælir hiklaust með Múlalundi. „Sérstaklega fyrir fyrirtæki sem eru með verkefni sem þau geta sent frá sér. Þetta snýst heldur ekki um pening heldur að veita fólki vinnu og styðja við samfélagið. Við hjá Össuri litum á það sem skyldu okkar til samfélagsins að styðja við þessa starfsemi, og aðrir mættu gera slíkt hið sama. Það er einfaldlega frábært að vinna með Múlalundi, þar vinnur öflugt fólk, vinnubrögðin eru vönduð og samskiptin fyrsta flokks.“

Múlalundur uppfyllir allar okkar kröfur

Sigurður Ástgeirsson, framkvæmdastjóri Ísorku, er einn fjölmargra í fyrirtækjarekstri sem eru himinlifandi með samstarfið við Múlalund.

„Samstarfið kom þannig til að starfsmaður Múlalundar fékk sendan hleðslulykil frá okkur í umslagi og hafði í kjölfarið samband til að spyrja hvernig við gengjum frá lykklunum til sendinga. Hvort við værum ekki til í að leyfa Múlalundi að spreyta sig á því verkefni, því það væri tilvalið fyrir starfseminna þar. Við vorum heldur betur til í það, létum þau fá nokkra lykla og umslög til að sjá hvort vinnan hentaði Múlalundi og það vakti svo mikla lukku að nú sendum við 1.000 umslög og lykla í hollum til starfsfólks Múlalundar sem sér um að setja allt saman og skilar fullbúnu verki í skömmum til okkar,“ upplýsir Sigurður.

Áður hafði Sigurður og starfsfólk hans í Ísorku dundað sér við tímafreka samsetningu hleðslulyklanna og stundum leyft börnum starfsfólksins að hjálpa til í heimilislegri samveru.

„Ferlið er þannig að hleðslulykill er settur saman og límdur inn í umslag, umslagið svo innsiglað og límdur á það límmiði með



nafni viðtakanda. Við sendum frá okkur allt að tuttugu hleðslulykla á sólarhring, svo þetta varð æ meiri vinna fyrir okkur krakkana og því kærkomið að fá Múlalund í lið með okkur. Við erum steinhætt að gera þetta hér innanhúss og það er mikil hamingja með samstarfið,“ segir Sigurður.

Áður hafði hann ekki hugmynd um að Múlalundur tæki að sér slík verkefni.

„Það var því alfarið starfsfólksins í Múlalundi að sjá þetta tækifæri. Þetta er algjör snilld og okkur finnst yndislegt að þetta sé í boði. Við erum þegar með annað verkefni í skoðun hjá Múlalundi, sem er slaufa til að setja á nýjar hleðslustöðvar. Við viljum miklu frekar fá það unnið í Múlalundi en að kaupa tilbúna slaufur á Ali-Express,“ segir Sigurður, yfir sig ánægður með samstarf Ísorku og Múlalundar.

„Samstarfið er geggjáð og Múlalundur uppfyllir allar okkar kröfur. Af öllu því sem ég hef gert í gegnum tíðina, hvað varðar umhverfismál og fleira, þykir mér extra vænt um þetta samstarf og það á við um alla hér. Það eru þessir litlu hlutir sem fyrirtæki geta gert sem um munar í Múlalundi.“



Dale fyrir allt hitt

Nám á háskólastigi, starfsgreinatengd menntun og önnur þekkingaröflun er mikilvægur undirbúningur fyrir starfsævina. En það þarf meira til. Árangur fólks byggir ekki síst á færni í samskiptum; að geta tjáð sig á faglegan hátt, hafa stjórn á streitu, geta byggt upp sambönd og fengið aðra til að fylgja sér.

Í meira en 100 ár hefur Dale Carnegie þróað aðferðir sem hjálpa þér að nýta hæfileika þína og yfirstíga það sem heldur aftur af þér. Námskeiðin henta því vel samhliða námi eða vinnu til að læra „allt hitt“ og ná þannig betri árangri í lífi og starf



Staðbundin námskeið:

Áhrifaríkar kynningar	14. okt.
Árangursrík sala	26. okt.
Dale Carnegie kvöldnámskeið	20. sept.
Dale Carnegie morgunnámskeið	13. okt.
Dale Carnegie 3ja daga	1. okt.
Dale Carnegie á Akureyri	27. sept.
Dale á milli starfa	20. sept.
Dale fyrir 20 til 25 ára	23. sept.
Leiðtogaæfni	8. okt.
Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur	12. okt.

Hefst:



Live Online námskeið:

Dale Carnegie kvöldnámskeið	15. sept.
Dale á milli starfa	29. sept.
Leiðtogafærni	5. okt.

Hefst:

Live Online fjarþjálfun á sér stað í rauntíma. Þú tekur virkan þátt, leysir verkefni og kynnist fólki. Þjálfararnir eru tveir og annar aðstoðar þig við tæknimálin allt námskeiðið. Nánar á dale.is

Rannsóknaryfirtækið Training Industry sem er leiðandi á heimsvísu hefur ítrekað valið Dale Carnegie sem eitt af 20 bestu þjálfunaryfirtækjum í heimi.



Skráðu þig strax á dale.is

Copyright © 2020 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Ad_25x38c_072121



Freistandi laxasalát á beyglu gleður.

Ljúffengt laxasalát

Fátt gleður samstarfsmenn meira en óvæntur matarglaðningur á erfiðum vinnudegi. Hér er einfalt laxasalát sem er fljótlegt að laga og gerir þig að vinsælasta starfsmanni dagsins.

- 230 g mjúkur rjómaostur
- ¼ bolli sýrður rjómi 18%
- ½ bolli rauðlaukur, smátt saxaður
- 1 msk. capers, smátt saxað
- 2 tsk. ferskt dill, saxað
- 1 tsk. smátt rifin piparrót
- 180 g reyktur lax, skorinn í smáa munnbita

Setjið rjómaostinn og sýrða rjómann í miðlungs stóra skál. Hrærið rólega saman þar til hræfnin hafa blandast vel saman. Bætið næst út í öðru hræfni og látið standa í kæli í að minnsta kosti klukkutíma áður en borið er fram. Til að setja punktinn yfir i-ið er upplagt að strá smá fersku dill yfir áður en borið fram.

Bragðast vel með léttu kexi, góðu brauði eða beyglu og jafnvel gúrku- eða selleristönglum. ■



Verðmæti Zoom, sem framleiðir fjarfundabúnað, er að minnka. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hlutabréf Zoom lækka í verði

Verðgildi hlutabréfa í fyrirtækinu Zoom lækkaði um 11% í gær þegar fjarfundabúnaðarframleiðandinn sagði frá því að notendum væri að fækka hraðar en búist var við.

Zoom og önnur fyrirtæki sem framleiða fjarfundabúnað fengu milljónir nýrra notenda þegar faraldurinn skall á og allir þurftu að vinna, læra og eiga samskipti í gegnum stafrænan búnað. Nú þegar takmarkanir vegna faraldursins eru óðum á undanhaldi þarf fyrirtækið hins vegar að finna nýjar leiðir til að vaxa, en greinendur segja að það taki nokkra ársfjórðunga fyrir Zoom að fara aftur í eðlilegan vöxt.

„Við gerðum ráð fyrir því að það myndi hægja á rekstrinum í lok ársins, en þetta gerðist bara aðeins fyrr en við bjuggumst við,“ sagði fjármálastjóri fyrirtækisins, Kelly Steckelberg.

Zoom spáir því samt að tekjur fyrirtækisins á þessum ársfjórðungi fari yfir milljarð dollara, sem er 31% aukning frá árinu 2020. En það er minna en gert var ráð fyrir og bliknar í samanburði við hinn margfalda vöxt síðasta árs. ■

Hópefli auðgar andann

sandragudrun@frettabladid.is

Hópefli á vinnustöðum er gjarnan notað til að hrista hópá saman, brjóta upp daginn og gera eitthvað skemmtilegt. En hópefli nýtist einnig til að þjálfa fólk í samvinnu, að leita lausna á verkefnum í sameiningu og að nýta hæfileika hvers og eins í hópnum. Hópefli er stundum notað til að bæta samskipti á vinnustað og



Það er gaman að brjóta upp vinnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

byggja upp traust milli starfsfólks. Í hópefli kynnist starfsmanna-hópurinn oft á annan hátt en áður í gegnum leiki og skemmtilegar þrautir. Andinn er oft afslappaðri en við venjuleg verkefni í vinnunni og fólk sem jafnvel þekkist lítið í vinnunni kynnist betur. Hópefli getur haft mjög góð áhrif á andann á vinnustaðnum og er tilvalin leið til að fá útrás í nýjum verkefnum. ■

Við hlökkum til að heyra frá þér!

Fyrirtækjapjónusta Pennans leggur mikla áherslu á að bjóða fyrsta flokks skrifstofuvöru á góðu verði og skartar nú einu stærsta úrvali landsins sem telur yfir 25.000 vörunúmer!

Velkomin í viðskipti!



20% afsláttur

Kúlupenni Energel 0,7mm
615 kr. VERÐ ÁÐUR 769 KR.



20% afsláttur

Minnisbók A5 Black'n R - mjúk
1.567 kr. VERÐ ÁÐUR 1.959 KR.

Á penninn.is er einfalt að panta og þar hefurðu góða yfirsýn yfir þínar pantanir.

penninn.is
penninn@penninn.is
540-2050

Austurstræti
Skólavörðustígur
Laugavegur
Hallarmúli
Kringlan

Mjódd
Smáralind
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Akranes

Ísafjörður
Akureyri
Húsavík
Selfoss
Vestmannaeyjar



Eymundsson